

LEIÐBEININGABLAÐ 6

LÝSING FYRIR SKIPULAGSÁÆTLUN

Gerð lýsingar getur átt við á öllum skipulagsstigum. Skyld er að vinna lýsingu fyrir nýjar svæðis- og aðalskipulagsáætlanir, endurskoðun og verulegar breytingar á þeim. Sama á við um nýtt deiliskipulag með þeirri undantekningu að liggi allar meginforsendur fyrir í aðalskipulagi er heimilt að falla frá gerð gerð lýsingar. Ekki er skyld að vinna lýsingu fyrir breytingu á deiliskipulagi og ekki er gert ráð fyrir að unnin sé lýsing fyrir óverulega breytingu á aðalskipulagi.

Tilgangur lýsingar er að:

- ◆ Tryggja að almenningur og hagsmunaaðilar komi að skipulagsferlinu á fyrstu stigum
- ◆ Stuðla að gagnsæi
- ◆ Bæta upplýsingaöflun
- ◆ Gera skipulagsvinnuna markvissari
- ◆ Veita sveitarstjórnnum og öðrum sem koma að skipulagsgerðinni betri yfirsýn

SKIPULAGSLÖG

Lýsing skal unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

- ◆ Svæðisskipulag samkvæmt 1. mgr. 23. gr.
- ◆ Aðalskipulag samkvæmt 1. mgr. 30. gr.
- ◆ Deiliskipulag samkvæmt 1. mgr. 40. gr.

Í nýrri skipulagsreglugerð verða ákvæði um gerð lýsingar fyrir hvert skipulagsstig.

ÁBYRGÐ Á GERÐ LÝSINGAR OG SAMÞYKKT

Ábyrgð á gerð lýsingar hefur sami aðili og vinnur skipulagstillöguna.

Svæðisskipulag

Svæðisskipulagsnefnd ber ábyrgð á að taka saman og kynna lýsingu fyrir gerð heildstæðs svæðisskipulags eða breytingu á því. Svæðisskipulagsnefnd skal leita samþykkis viðkomandi sveitarstjórna áður en lýsing er kynnt almenningi og send til umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila.

Aðalskipulag

Skipulagsnefnd, í umboði sveitarstjórnar, ber ábyrgð á að taka saman og kynna lýsingu fyrir gerð heildstæðs aðalskipulags eða breytingu á því. Ekki er í skipulagslögum gerð krafa um að lýsing fyrir gerð aðalskipulags sé samþykkt í sveitarstjórn áður en hún er kynnt fyrir almenningi. Þó verður að telja eðlilegt að lýsing fyrir endurskoðun á aðalskipulagi sé tekin til umfjöllunar í sveitarstjórn áður en hún er kynnt opinberlega. Sama á við um umfangsmikla eða viðkvæma breytingu á aðalskipulagi svo sem breyting sem hefur áhrif á marga, tekur yfir stórt landsvæði eða er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á umhverfið.

Deiliskipulag

Skipulagsnefnd, í umboði sveitarstjórnar, ber ábyrgð á að taka saman og kynna lýsingu fyrir gerð deiliskipulags.

Þegar landeigandi eða framkvæmdaraðili gerir tillögu að deiliskipulagi skal hann taka saman lýsingu og leita samþykkis sveitarstjórnar áður en lýsingin er kynnt. Skipulagsnefnd annast kynningu á lýsingunni.

Heimilt er að falla frá gerð lýsingar fyrir nýtt deiliskipulag ef allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi. Ekki er nægilegt að skilgreining á landnotkun liggja fyrir heldur þurfa áherslur og markmið fyrir svæðið einnig að koma fram í stefnu aðalskipulagsins fyrir svæðið. Til meginfrenda telst t.d:

- ◆ Byggðamynstur, þ.m.t. hæð og þéttleiki
- ◆ Nánari stefna um landnotkun og starfsemi
- ◆ Efnismagn vegna efnistöku, efnislosun, landfyllingar eða sorpurðunar
- ◆ Tegund og uppsett afl í tilviki virkjana

Ef gerð deiliskipulags kallar á breytingu á aðalskipulagi skal þess gætt að meginforsendur fyrir skipulagssvæðið komi fram í aðalskipulagsbreytingunni þannig að ekki sé þörf á lýsingu fyrir deiliskipulagsgerðina.

EFNI LÝSINGAR OG SAMÞYKKT

Lýsing skal innihalda upplýsingar sem gefa skýra og góða mynd af skipulagsáformum og skipulagsferlinu. Efni lýsingar þarf að taka mið af viðkomandi skipulagsstigi og skal hafa eftirfarandi atriði til hliðsjónar við gerð lýsingar:

- ◆ Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðar
- ◆ Helstu viðfangsefni og meginmarkmið
- ◆ Lýsing á umhverfi og staðháttum á skipulagssvæðinu svo sem upplýsingar um landnotkun, starfsemi, náttúruvá, náttúruverndarsvæði o.þ.h.

- ◆ Helstu forsendur fyrir skipulagsgerðinni svo sem byggðarþróun, atvinnuþróun, íbúáþróun, þjónustubörf og tengsl við þjónustukerfið
- ◆ Hvernig tillagan tengist öðrum áætlunum, þ.e. öðrum skipulagsáætlunum og áætlunum stjórnvalda, t.d. um samgöngur og hvernig skipulagsáformin samræmast þeim og hvort skipulagstillagan kalli á breytingar á þeim
- ◆ Hvernig staðið verður að umhverfismati áætlunarinnar skv. 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga og einnig skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana¹ þegar það á við
- ◆ Upplýsingar um skipulagsferlið, tímasetning helstu verkáfanga og kynninga fyrir almenning
- ◆ Hverjir eru helstu umsagnaraðilar, þ.e. fagstofnanir sem fara með málaflokka er varðar skipulagsgerðina og á hvaða tímapunkti haft verður samráð
- ◆ Aðrar upplýsingar sem taldar eru skipta máli fyrir almenning og aðra hagsmunaaðila

FRAMSETNING LÝSINGAR

- ◆ Lýsing skal vera í formi greinargerðar.
- ◆ Lýsing skal vera merkt viðkomandi sveitarfélagi/-félögum.
- ◆ Á forsíðu skal koma fram heiti svæðis sem skipulagstillagan tekur til.
- ◆ Birta skal yfirlitsmynd sem sýnir skipulagssvæðið.
- ◆ Útdráttur úr gildandi aðalskipulagsuppdraetti sem sýnir landnotkun skipulagssvæðisins í stærra samhengi þegar um er að ræða í lýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi eða gerð deiliskipulags.

Ef skipulagsáætlun er háð umhverfismati skal efni lýsingar og matslýsingar² sett fram í einni og sameinaðri greinargerð. Sameinuð lýsing og matlýsing felur í sér að þegar leitað er umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu er samhliða haft samráð við stofnunina um umfang og áherslur í umhverfismati.

MÁLMEÐFERÐ OG KYNNING LÝSINGAR

Að lokinni umfjöllun svæðisskipulagsnefndar eða skipulagsnefndar og sveitarstjórnar, eftir atvikum, er tillagan auglýst með áberandi hætti. Með áberandi hætti er átt við birtingu auglýsingar í víðlesnu dagblaði, í útvarpi eða sjónvarpi eða með dreifibréfi, eftir því sem efni tillögunnar gefur tilefni til.

Lýsingin skal send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila sem hlut geta átt að máli, svo sem Umhverfisstofnun, Vegagerðin eða aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðilar. Lýsingin skal kynnt aðliggjandi sveitarfélögum, þegar efni tillögunnar gefur tilefni til þess.

Í auglýsingu skal koma fram hvar og hvernig hægt er að kynna sér efni lýsingarinnar. Kynning getur verið með þeim hætti að lýsingin liggi frammi á skrifstofu sveitarfélagsins eða að haldinn er íbúafundur þar sem efni lýsingarinnar er kynnt. Í auglýsingu þarf að koma fram hvert skila

¹ Sjá nánar leiðbeiningarblað 10 um umfang og áherslur í umhverfismati á vef Skipulagsstofnunar www.skipulagsstofnun.is.

² Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana (Apríl 2007).
Leiðbeiningablað 6

má ábendingum við efni lýsingarinnar og innan hvaða tímafrest, ef við á. Lýsing á ávallt að vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn/skipulagsnefnd skal hafa hliðsjón af umsögnum og ábendingum sem henni berast frá almenningi og hagsmunaaðilum við gerð tillögunnar en ekki er gert ráð fyrir að svara þurfi innkomnum ábendingum með formlegum hætti.

